

Fimmtudaginn 9. mars 1995.

Nr. 68/1995.

Steinsmiðja S. Helgasonar hf.

(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

gegn

Ártaki hf.

Sigurði Reynissyni og

tollstjóranum í Reykjavík

(Björn Hermannsson hrl.)

Kærumál. Gjaldprotaskipti. Endurupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 17. febrúar 1995, sem barst réttinum 1. mars sl. Kærð er ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur 31. janúar 1995 um endurupptöku á meðferð kröfu um gjaldprotaskipti og niðurfellingu skipta. Krefst sóknaraðili þess aðallega, að ákvörðun héraðsdómara um endurupptöku málsins sem og öll meðferð þess frá og með 31. janúar 1995 verði ómerkt og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar. Til vara er þess krafist, að ákvörðun héraðsdómara um að fallast á afturköllun tollstjórans í Reykjavík á kröfu um gjaldprotaskipti verði ómerkt og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar. Þá er krafist kærumálskostnaðar óskipt úr hendi tollstjórans í Reykjavík og Sigurðar Reynissonar, framkvæmdastjóra Ártaks hf.

Af hálfu varnaraðilans Ártaks hf. er þess aðallega krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Í báðum tilvikum er krafist kærumálskostnaðar.

Varnaraðilinn Sigurður Reynisson krefst þess, að kröfu sóknaraðila á hendur sér um kærumálskostnað verði hafnað og að sóknaraðila verði gert að greiða sér kærumálskostnað.

Tollstjórinn í Reykjavík krefst þess, að kröfu sóknaraðila á hendur sér um kærumálskostnað verði hafnað, en kveðst ekki halda uppi vörnum að öðru leyti.

Krafa varnaraðilans Ártaks hf. um, að málinu verði vísað frá

Hæstarétti, er á því reist, að heimild sé ekki til að kæra til æðra dóms þær ákvarðanir, sem um ræðir í málinu. Í upphafsmálslið 1. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. er kveðið á um heimild til að kæra til Hæstaréttar úrskurði og ákvarðanir héraðsdómara, sem hann tekur samkvæmt lögnum, enda sé ekki mælt á annan veg í þeim. Frá þessari almennu heimild er þó gerð sú undantekning í sama ákvæði, að ekki megi kæra úrskurði eða ákvarðanir, sem eru kveðnir upp eða teknar undir rekstri máls og myndu ekki sæta kæru, ef um væri að ræða einkamál samkvæmt almennum reglum. Undantekning þessi tekur eftir hljóðan sinni eingöngu til mála, sem eru rekin fyrir héraðsdómi samkvæmt reglum XXIII. og XXIV. kafla laga nr. 21/1991, en ekki til úrskurða og ákvarðana, sem lúta að töku bús til gjaldþrotaskipta, sbr. XI. kafla laganna. Er því kæra í máli þessu heimil samkvæmt 1. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 24. nóvember 1994 var bú varnaraðilans Ártaks hf. tekið til gjaldþrotaskipta. Að ósk þess, sem hafði gegnt starfi framkvæmdastjóra félagsins, og þá jafnframt með samþykki tollstjórans í Reykjavík tók héraðsdómari ákvörðun um endurupptöku málsins á dómþingi 31. janúar sl. Um lagastoð fyrir endurupptöku var vísað til 137. gr. laga nr. 91/1991. Við svo búið afturkallaði tollstjórinn í Reykjavík kröfu sína um gjaldþrotaskipti, og voru þau felld niður.

Sóknaraðili kveðst hafa lýst kröfu í þrotabú Ártaks hf., áður en gjaldþrotaskiptin voru felld niður. Verður að fallast á, að hann hafi hagsmuni af því að fá leyst úr kröfum sínum um niðurfellingu skiptanna í kærumáli þessu.

Með dómi Hæstaréttar frá 30. september 1994 í málinu nr. 397/1994 var um það dæmt, að frá uppkvaðningu úrskurðar um gjaldþrotaskipti og þar til kröfulýsingarfresti við skiptin væri lokið, gildi hin almenna regla einkamálaréttarfars um málsforræði ekki að því leyti, að aðilar gætu sammælst um endurupptöku á meðferð kröfu um skiptin til að fá þau felld niður. Var ákvörðun héraðsdómara í máli þessu 31. janúar sl. því með öllu heimildarlaus. Verður hin kærða endurupptaka Héraðsdóms Reykjavíkur frá 31. janúar sl. því úr gildi felld.

Dæma verður tollstjóran í Reykjavík til að greiða sóknaraðila

kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir. Ekki eru efni til að dæma Sigurð Reynisson persónulega til greiðslu kærumálskostnaðar, og hans hefur ekki verið krafist úr hendi Ártaks hf.

D ó m s o r ð:

Hin kærða endurupptaka Héraðsdóms Reykjavíkur frá 31. janúar 1995 er úr gildi felld.

Varnaraðili tollstjórinn í Reykjavík greiði sóknaraðila, Steinsmiðju S. Helgasonar hf., 40.000 krónur í kærumálskostnað.
